



Bæjarstjórn Garðabæjar 2. (861)/2020

Boðað er til 2. (861). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. febrúar 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2001027F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/1 '20.
 - 1911057 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Víkurgötu 2.
 - 1907083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Víkurgötu 19.
 - 1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Hraungötu 8.
 - 1911282 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Krókamýri 46.
 - 1808350 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040.
 - 1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi hestúsasvæðis við Kjóavelli.
 - 2001154 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóða við Eskiás.
 - 1911109 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.
 - 1910415 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna aðkomutákns.
 - 1909193 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna aðstöðu fyrir kajakklúbb.
2. 2001035F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/1 '20.
 - 1606034 - Samningur við Vegagerðina um endurbætur og framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg.



3. 2001047F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/2 '20.
2001501 - Samningur um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
4. 2001002F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 2/1 '20.
5. 2001022F - Fundargerð leikskólanefndar frá 22/1 '20.
6. 2001030F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 24/1 '20.
7. 2001018F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 16/1 '20.
8. 2001036F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla Garðabæjar frá 29/1 '20.
9. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/1 '20.
10. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 22/1 '20.
11. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsv. frá 24/1 '20.
12. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 10/1 '20.
13. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 22/1 '20.
14. 2001272 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsv. frá 17/1 '20.
15. 1907114 - Reglur um akstursþjónustu aldraðra í Garðabæ
16. 1909205 - Tillaga að breytingu á jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022.
17. 1904109 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2020.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
1. (860). fundur 2020

Fimmtudaginn 16. janúar 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. desember 2019 er lögð fram.

Almar Guðmundsson, ræddi fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, tók til máls að nýju.

Ingvar Arnarson, ræddi fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001001F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/1 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi 13. tl., áskorun Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum varðandi bættar aðstæður og bætt starfskjör leikskólakennara og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn hvetur bæjaryfirvöld til þess að rýna stöðuna og leita leiða til að jafna starfsumhverfi þvert á skólastig. Ekki síst til þess að draga úr þeirri hættu sem getur skapast á að leikskólakennarar velji starfsumhverfi grunnskólans fremur en leikskólans. Enn fremur að tillaga Garðabæjarlistans um bættan aðbúnað starfsfólks leikskóla með tilraun á styttingu vinnuvikunnar verði samhliða tekin upp til skoðunar.“

Björg Fenger, ræddi 20. tl., tillögur varðandi útfærslu verkefnisins Heilsueflandi samfélag.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 18. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi tillögu að friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár og 17. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi kynningu á drögum að frumvarpi að breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 20. tl., tillögur varðandi útfærslu verkefnisins Heilsueflandi samfélag og 13. tl., áskorun Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum varðandi bættar aðstæður og bætt starfskjör leikskólakennara. Harpa lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Í ljósi umræðna í samfélaginu undanfarið er varða starfsumhverfi og rekstur leikskóla þá langar mig að ítreka þá fyrirspurn Garðabæjarlistans sem liggur fyrir í leikskólanefnd síðan í janúar 2019 varðandi að fá fram kostnaðargreiningu á rekstri leikskólans og kynningu á því þar inn. Þar að auki ætla ég að fylgja eftir þeirri beiðni að fá gagnsæja greiningu á rekstrinum út frá barngildum og vistun barna. Þá legg ég fram fyrirspurn um nýtingu á leikskólavistun barna frá 16:30-17:00 í Garðabæ.“

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir að veita leyfi fyrir starfsemi fótaaðgerðarstofu í íbúðarhúsnæði að Þrastanesi 14, sbr. heimild í deiliskipulagi grein 4.16.

Fundargerðin sem er 31 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2001013F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/1 '20.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., þjónustulýsingu vegna útboðs akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., þjónustulýsingu vegna útboðs akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., þjónustulýsingu vegna útboðs akstursþjónustu fatlaðs fólks og 11. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi málefni skíðasvæðanna.

Björg Fengler, ræddi 11. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi málefni skíðasvæðanna.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 1912026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/12 '19.

Fundargerðin lögð fram.

4. 1912035F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/12 '19.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1912028F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 16/12 '19.

Björg Fengler ræddi 8. tl., íþróttahátíð Garðabæjar og þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra framlag við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar.

Þá ræddi Björg Fengler ræddi 10. tl., forvarnarmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn óskar Kolbrúnu Þöll Þorradóttur, íþróttakonu Garðabæjar og Hilmari Snæ Örvarssyni, íþróttakarli Garðabæjar til hamingju með viðurkenningarnar.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1912012F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 18/12 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 5. tl., ársfund náttúruverndarnefnda og 8. tl., loftlagsstefnu Garðabæjar

Ingvar Arnarson, ræddi 8. tl., loftlagsstefnu Garðabæjar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., loftlagsstefnu Garðabæjar og 9. tl., tillögu um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar þróunar og þjónustu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 9. tl. tillögu um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar þróunar og þjónustu Garðabæjar.

Gunnar Einarsson, ræddi 8. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir ræddi að nýju 8. tl., loftslagsstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2001007F - Fundargerð öldungaráðs frá 8/1 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. – 5. tl., afgreiðslu starfsleyfa, 8. tl., aðgerðaráætlun í tengslum við stefnu í málefnum eldri borgara, 9. tl., tillögu um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar þróunar og þjónustu Garðabæjar og 10. tl., reglur um akstursþjónustu aldraðra í Garðabæ. Almar sagði frá heimsókn Péturs Magnússonar, forstjóra Hrafnistu og Hrannar Ljótisdóttur, forstöðumanns Ísafoldar á fund nefndarinnar.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1908019F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 27/8 '19.

Fundargerðin lögð fram.

9. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 29/11 '19.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/1 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., sóknaráætlun og 5. tl., stjórnsýslu byggðasamlaganna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., sóknaráætlun, 3. tl., skilavegi - yfirfærslu vega til sveitarfélaga og 7. tl., viðræður ríkisins og SSH um Sundabraut.

Gunnar Einarsson, ræddi 7. tl., viðræður ríkisins og SSH um Sundabraut, 5. tl., stjórnsýslu byggðasamlaganna 3. tl., skilavegi - yfirfærslu vega til sveitarfélaga og 1. tl., sóknaráætlun.

Fundargerðin lögð fram.

11. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/12 '19.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., skýrslu um leiðanet og næstu skref, 3. tl., útboð á vögnum og 7. tl., nýtt greiðslukerfi.

Sigurður Guðmundsson ræddi 7. tl., nýtt greiðslukerfi.

Björg Fengler, ræddi að nýju 7. tl., nýtt greiðslukerfi.

Ingvar Arnarson, ræddi 7. tl., nýtt greiðslukerfi og 9. tl., tillögu um öryggisbelti í strætó.

Björg Fengler, ræddi 9. tl., tillögu um öryggisbelti í strætó.

Fundargerðin lögð fram.

12. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðanna frá 16/12 '19.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2001164 - Viðauki við samkomulag um endurnýjun á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Gunnar Einarsson, gerði nánari grein fyrir tillögu að viðauka við áður gert samkomulag um endurnýjun mannvirkja á skíðasvæðunum

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti viðauka við samkomulag aðildarsveitarfélaga um endurnýjun á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 16. janúar 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Guðfinnur Sigurvínsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
3. (1912). fundur 2020

Þriðjudaginn 21. janúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001275 - Kynning á þjónustukönnun Gallup

Á fund bæjarráðs mætti Matthías Þorvaldsson, starfsmaður GI rannsókna ehf. og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum þjónustukönnunar meðal íbúa Garðabæjar á árinu 2019 sem í öllum meginatriðum er jákvæð í helstu málaflokkum. Bæjarráð samþykkir að vísa þjónustukönnuninni til umfjöllunar nefnda.

2. 1911057 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Víkurgötu 2.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis einbýlishússins að Víkurgötu 2 þó að þak á bílgeymslu verði útfært með viðarpöllum og hellulögn í stað grasþekju en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrir liggur jákvæð umsögn deiliskipulagsráðgjafa.

3. 1907083 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Víkurgötu 19.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts sem felst í breytingu á byggingarreit lóðarinnar að Víkurgötu 19, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

4. 1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Hraungötu 8.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna svalaskýlis við einbýlishúsið að Hraungötu 8. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust tvær athugasemdir. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar, lögð hafa verið fram viðbótargögn og haldnir fundir með málsaðilum. Breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

5. 1911282 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi að Krókamýri 46.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna viðbyggingar og breytinga á einbýlishúsinu við Krókamýri 46. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og bærust engar athugasemdir.

6. 1808350 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja með vísan til 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 tillögu svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 þar sem vaxtamörk á Álfsnesi eru færð út.

7. 1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi hesthúsasvæðis við Kjóavelli.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi hesthúsasvæði við Kjóavelli. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Þar sem um sameignlegt skipulag Kópavogs og Garðabæjar er að ræða þarf að liggja fyrir samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulaginu.

8. 2001154 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóða við Eskiás.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er varðar lóðir við Eskiás, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að ákvæði um heimild fyrir kjallararýmum fellur brott og B-rými reiknast til grundvallar nýtingarhlutfalli. Heildarbyggingamagn er óbreytt.

Skipulagsnefnd samþykkir samkvæmt í heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa.

9. 1911109 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Hraungötu 15-19 um breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna fjölgunar íbúða.

10. 1910415 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna aðkomutákns.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna við aðkomutákns. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og barst ein athugasemd. Athugasemdin hefur verið yfirfarin. Breytingin skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

11. 1912287 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Traðarreitur -austur.

Lögð fram.

12. 1910423 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að skipulagi skíðasvæða í Bláfjöllum innan bæjarmarka Sveitarfélagsins Ölfus.

Lögð fram.

13. 1909193 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna aðstöðu fyrir kajakklúbb.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir lóð fyrir uppsátri og naust á fjörुकambi í landi Katrínarkots. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Garðahverfi er verndarsvæði í byggð og skal tillagan send Minjastofnun til umsagnar.

14. 1909205 - Afgreiðsla fjölskylduráðs varðandi breytingu á jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur fjölskylduráðs um breytingar á grein 3.4 og grein 3.5 í jafnréttisstefnu Garðabæjar.

15. 1907114 - Afgreiðsla fjölskylduráðs og öldungaráðs varðandi reglur um akstursþjónustu aldraðra í Garðabæ.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs gerði grein fyrir reglum um akstursþjónustu aldraðra.

Bæjarráð samþykkir að vísa reglum um akstursþjónustu aldraðra í Garðabæ til afgreiðslu bæjarstjórnar.

16. 2001224 - Reglur um hvatapeninga 2020.

Bæjarráð samþykkir reglur um hvatapeninga til að gilda á árinu 2020.

17. 1904058 - Erindi JÁS lögmanna varðandi skipulagsmál að Hrauntungu, dags. 28.03.19.

Bæjarstjóri kynnti drög að svarbréfi við bréfi lögmanna frá 28. mars sl. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

18. 2001238 - Bréf nemenda við Garðaskóla varðandi styrk til námsferðar til Kaupmannahafnar.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og fræðslu- og menningarsviðs.

19. 2001273 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um kærumál.

Lagt fram yfirlit um ólokin mál Garðabæjar sem eru til meðferðar hjá kærunefndum og dómstólum.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék af fundi kl. 08:50.

20. 1912161 - Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um niðurgreidda leigubílaakstursþjónustu eldri borgara.

Svar við fyrirspurn lagt fram.

21. 1912157 - Svar við fyrirspurn um lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Svar við fyrirspurn lagt fram.

22. 1912075 - Kauptilboð í byggingarrétt fyrir atvinnuhúsnæði - Garðahraun 1.

Bæjarráð samþykkir kauptilboð Regins hf., kt. 630109-1080 að fjárhæð kr. 276.000.000 í byggingarrétt lóðarinnar við Garðahraun 1.

Gunnar Valur Gíslason, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

23. 1811027 - Úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðum við Breiðumýri.
Bæjarráð samþykkir úthlutunar- og útboðsskilmála fyrir sölu byggingarréttar á lóðum við Breiðumýri á Álftanesi.

24. 1808087 - Framkvæmdir - Vífilshöllin - fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri
Bæjarstjóri upplýsti um stöðu mála varðandi framkvæmdir við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 21. janúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
4. (1913). fundur 2020

Þriðjudaginn 28. janúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001379 - Skýrsla Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar varðandi úttekt á stjórnarháttum/áætlunargerð Sorpu bs. vegna framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð, dags. í desember 2019. (kynning á fundi)

Á fund bæjarráðs mættu frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar Anna Margrét Jónsdóttir, Þórunn Þórðardóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og Jenný Jensdóttir og frá stjórn Sorpu bs. Birkir Jón Jónsson, formaður og Líf Magneudóttir, varaformaður. Gerðu þau nánari grein fyrir skýrslu um úttekt á stjórnarháttum/áætlunargerð Sorpu bs. vegna framkvæmda við gas- og jarðgerðarstöð. Skýrslan var gerð að beiðni stjórnar Sorpu bs. í framhaldi af upplýsingum um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun að fjárhæð 1.356 mkr.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi, sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék af fundi kl. 08:50 og tók Gunnar Einarsson, sæti sem bæjarráðsfulltrúi í hennar stað.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftifarandi bókun.

„Bæjarfulltrúi Garðabæjarlistans tekur undir með niðurstöðu Innri endurskoðunar um að lög um skipan opinberra framkvæmda eigi ætíð að vera höfð til hliðsjónar við stórar framkvæmdir á vegum byggðasamlags í eigu sveitarfélaga. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hljóta að þurfa að bregðast við þessari skýrslu með nýjum og bættum vinnubrögðum fyrirtækja í þeirra eigu sem byggja á gagnsæi og tryggja almannahagsmuni íbúanna.

Því kallar undirrituð eftir aðgerðaráætlun annars vegar frá SSH og hins vegar frá Sorpu um þær úrbætur sem á að ráðast í.“

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

2. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 - lántaka.

Fjármálastjóri kynnti tillögu um samþykkt á lántöku á árinu 2020 hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.000 mkr. samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Lagður fram lánessamningur. Um er að ræða jafngreiðslulán, verðtryggt til 15 ára með 1,67% föstum vöxtum

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. 1910158 - Kinnargata 24 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vesturhlíð ehf., kt. 630115-0350, leyfi til að byggja einbýlishús að Kinnargötu 26.

4. **1911051 - Kinnargata 26 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bergþóri Ásgeirssyni, kt. 051187-2539, leyfi til að byggja einbýlishús að Kinnargötu 26.
5. **2001345 - Bréf Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa varðandi niðurfellingu fasteignagjalda af golfskála, dags. 25.01.20.**
Bæjarráð samþykkir að veita Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa styrk að fjárhæð kr. 2.001.780 til greiðslu fasteignagjalda af golfskála árið 2020.
6. **2001342 - Bréf UMF Stjórnunnar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 17.01.20.**
Bæjarráð samþykkir að veita UMF Stjórnunni styrk að fjárhæð kr. 1.918.980 til greiðslu fasteignagjalda árið 2019.
7. **2001319 - Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi boðun landsþings, dags. 20.01.20.**
Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um boðun landsþings 26. mars 2020.
8. **2001299 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu, dags. 10.01.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar tækni- og umhverfissviðs.
9. **2001278 - Tilkynning frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi mótun menntastefnu til 2030, dags. 17.01.20.**
Lögð fram og vísað til kynningar í skólanefnd grunnskóla og leikskólanefnd.
10. **2001206 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu varðandi skýrslu um sjálfstæðar stjórnsýslunefndir, dags. 14.01.20.**
Lögð fram.
11. **1606034 - Samningur við Vegagerðina um endurbætur og framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.
12. **2001383 - Bréf HMS varðandi uppfærslu á húsnæðisáætlun Garðabæjar, dags. 20.01.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til vinnslu hjá fjölskyldusviði og til umfjöllunar í fjölskylduráði.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 28. janúar 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
5. (1914). fundur 2020

Þriðjudaginn 4. febrúar 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - Óvissustig almannavarnarnefndar vegna kórónaveiru.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins sátu fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2. Gestir fundarins gerðu grein fyrir þýðingu þess að lýst hefur verið yfir óvissustigi almannavarna vegna kórónaveiru. Farið var nánar yfir viðbrögð almannavarnarnefndar og nauðsyn á auknu samstarfi stofnanna og samræmdri upplýsingamiðlun til almennings.

2. 2001395 - Óvissustig almannavarnarnefndar vegna landriss á Reykjanesi.

Gestir fundarins gerðu grein fyrir þýðingu þess að lýst hefur verið yfir óvissustigi almannavarna vegna landriss vestan við fjallið Þorbjörn á Reykjanesi. Kom fram að óvissustigi er lýst yfir þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúruvöldum, sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

3. 1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda. (kl. 08:30 - kynning)

Á fund bæjarráðs mættu Andri Árnason, lögmaður og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis- og framkvæmda hjá Garðabæ.

Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, gerði grein fyrir forsendum útboðs og gögnum sem lágu fyrir á tilboðstíma. Guðbjörg Brá fór nánar yfir tímalínu vegna samskipta við verktaka og ágreining um grundun hússins.

Andri Árnason gerði nánari grein fyrir ágreiningi í málinu út frá lögfræðilegum sjónarmiðum og fór yfir rök fyrir niðurstöðu um að ekki væri fyrir hendi forsendubrestur málinu, m.t.t. fyrirliggjandi ráðgjafar varðandi jarðtæknileg atriði. Andri lýsti þeirri skoðun að rétt væri á þessu stigi, m.t.t. sérfræðiráðgjafar verkfræðinga o.fl., að hafna kröfu verktaka um viðbótarkostnað vegna grundunar hússins.

Gestir fundarins viku af fundi. Harpa Þorsteinsdóttir, vék einnig af fundi.

Umræður voru um málið.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn fagnar því að bæjarstjóri verði við kröfu um upplýsingagjöf vegna þeirrar stöðu sem framkvæmd fjölnota íþróttahúss er komin í. Það er fyrst nú að bæjarstjóri upplýsir bæjarráð formlega um gang mála, þrátt fyrir að fundir og formleg bréfaskrif hafi átt sér stað frá því í september

2019 á milli verktaka og verkkaupa vegna ágreinings um grundun hússins. Réttast hefði verið af bæjarstjóra að upplýsa allt bæjarráð fyrir.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, áskildi sér rétt til gagnbókunar síðar og benti á að málið hafi verið tekið á dagskrá bæjarráðs tvívegis á fundi í janúar, á vinnufundi bæjarstjórnar 28. nóvember 2019 og á fundi bæjarráðs 21. maí 2019.

4. 1908041 - Mariúgata 34 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Íbúðum ehf., kt. 600115-0220, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 37 íbúðum að Mariúgötu 34-40.

5. 1902106 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi friðlýsingaskilmála og breyttum mörkum fólkvangsins Hliðs, dags. 28.01.20.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar varðandi auglýsingu sem birt hefur verið um tillögu að uppfærðum friðlýsingaskilmálum og breyttum mörkum fólkvangsins Hliðs í Garðabæ. Í auglýsinguinni kemur fram að frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til 30. apríl 2020.

6. 2001501 - Samningur um markaðssamstarf og upplýsingamiðlun í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

7. 2001434 - Umsagnarbeiðni varðandi umsókn um rekstrarleyfi fyrir Sjáland, veitingahús.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

8. 2001505 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl., með síðari breytingum (ókeyypis lóðir), 50. mál., dags. 31.01.20.

Lagt fram.

9. 2001396 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum. 457. mál., dags. 24.01.20.

Lagt fram.

10. 1810055 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um aðgerðir og eftirfylgni með stefnu Garðabæjar gegn sóun.

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Í hvaða aðgerðir hefur verið farið í stofnunum bæjarins við innleiðingu stefnu Garðabæjar gegn sóun?

Hvernig hefur stefnunni verið fylgt eftir hingað til?“

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

11. 2001492 - Tillaga Garðabæjarlistans um úttekt á öllum kostnaði vegna sorphirðu sveitarfélagsins.

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

„Bæjarráð samþykkir að láta rýna og taka út allan kostnað varðandi sorphirðu sveitarfélagsins.“

Greinargerð

Samhliða nýlega framlagðri stefnu Garðabæjar gegn sóun er ekki síður mikilvægt að rýna reglulega alla kostnaðarliði við sorphirðu. Umfangsmiklir fjármunir eru þar undir. Nýlega var sorphirðugjald hækkað á íbúa þar sem fyrri álagning stóð ekki undir kostnaði.

Mikilvægt er að rýna af ábyrgð kostnaðarliði þeirra verkþátta samhliða því þegar teknar eru ákvarðanir um hærri gjaldtöku á íbúa.

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir kostnað við sorphreinsun og sorpeyðingu fyrir árin 2018 og 2019 ásamt yfirliti yfir kostnað við sorphreinsun hjá stofnunum bæjarins fyrir sömu ár.

12. 2001503 - Tillaga Garðabæjarlistans um úttekt á þjónustu sambýla í Garðabæ.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

„Fyrir hönd Garðabæjarlistans legg ég fram tillögu um að gerð verði sérstök úttekt á þeim sambýlum sem starfrækt eru í sveitarfélaginu þar sem lagt verði mat á hvort íbúar sambýlanna fái tilskilda þjónustu eftir þjónustuhörf hvers og eins.“

Greinargerð

Mikilvægt er að hafa sem tærustu mynd af því hvernig sveitarfélaginu gengur að þjónusta fatlað fólk. Niðurstöður ánægjukönnunarinnar staðfesta enn og aftur að betur þarf að gera í málefnum fatlaðs fólks. Því til staðfestingar má einnig vísa til viðtals frá 24. janúar síðastliðinn á Stöð 2 við forstöðumann sambýlis í sveitarfélaginu. Þar kemur fram að þjónusta við fatlaða einstaklinga er ekki eins og lög um réttindi fatlaðs fólks kveða á um. Því er mikilvægt að fá yfirsýn yfir þá þjónustu sem sambýli Garðabæjar eru að veita. Ekki síst til þess að skapa tækifæri til að vinna að því að standa undir þeirri lögbundinni kröfu sem um búsetu fatlaðs fólks gildir.

Eins og segir í 9. gr laga í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

“Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lög um húsnæðismál og lög um almennar íbúðir, eftir því sem við á.“

Bæjarráð vísar tillögunni til umfjöllunar í fjölskylduráði.

13. 2001502 - Tillaga um útboð trygginga Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir tillögu um að láta fara fram útboð á tryggingum Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að segja upp samningi við Vátryggingafélag Íslands hf. um tryggingavernd með sex mánaða fyrirvara miðað við 1. janúar 2021.

14. 1911348 - Bréf sóknarnefndar Garðasóknar varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda 2020, dags. 21.11.20.

Bæjarráð samþykkir að veita Garðasókn styrk að fjárhæð kr. 953.009 til greiðslu fasteignagjalda árið 2020.

15. 2001421 - Bréf Skátafélagsins Vífils og Hjálparsveitar skáta um niðurfellingu fasteignagjalda 2020, dags. 27.01.20.

Bæjarráð samþykkir að veita Skátafélaginu Vífli og Hjálparsveit skáta styrk að fjárhæð kr. 4.103.756 til greiðslu fasteignagjalda árið 2020.

16. 2001448 - Bréf Bessastaðasóknar varðandi beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda 2020, dags. 28.01.20.

Bæjarráð samþykkir að veita Bessastaðasókn styrk að fjárhæð kr. 275.530 til greiðslu fasteignagjalda árið 2020.

17. 2001509 - Tilkygning frá Sveitafélaginu Ölfus varðandi endurskoðun aðalskipulags, dags. 31.01.20

Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 4. febrúar 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 16. fundur 2020

Fimmtudaginn 2. janúar 2020 kl. 16:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911259 - Íþróttahátíð Garðabæjar vegna 2019

Íþróttakona Garðabæjar 2019 er Kolbrún Þöll Þorradóttir fimleikakona í Stjörnunni og íþróttakarl Garðabæjar 2019 er Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður fatlaðra úr Víkingi. Vefkosning fór fram og var hún samhljóða álitni fulltrúa í ÍTG.

Liði Ársins í hópíþróttum var valið Karlalið GKG.

Þjálfarar ársins eru Birgir Jónasson knattspyrnuþjálfari hjá UMFÁ og Daniela Rodriquez körfuboltaþjálfari hjá Stjörnunni.

Viðurkenning fyrir störf að félagsmálum fá Þorsteinn Þorbergsson Stjörnunni, Steinunn Guðbjörnsdóttir Hestamannafélaginu Sóta og Guðrún Kolbrún Thomas Félagi eldri borgara í Garðabæ.

Alls verða veittar 450 viðurkenningar.

346 hljóta viðurkenningu fyrir "framúrskarandi árangur innanlands".

5 fyrir að keppa með A-landsliði í fyrsta skipti

28 fyrir að keppa með U-landsliðum

50 fyrir að ná verðlaunum á erlendum vettvangi.

Veitingar eru fram reiddar af fimleikadeild Stjörnunnar. Hljómsveitin Polyfonia frá TG leikur í byrjun hátíðar og fimleikaflokkur sýnir listir sínar.

2. 1703076 - Heilsueflandi samfélag Landlæknir

ÍTG lýsir ánægju sinni með áætlun um greiningarvinnu vegna heilsueflandi samfélags "Velsæld í Garðabæ" sem unnin verður í samvinnu við Capacent.

3. 2001004 - Afreksstyrkir 2020

Auglýsing eftir "afreksstyrkjum 2020" er opin til 1. febrúar nk.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
12. fundur 2020

Miðvikudaginn 22. janúar 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Elín Ósk Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt fram til upplýsinga, framkvæmd verkefnisins verður fylgt eftir með kynningu á stöðu þess á næsta fundi nefndarinnar,

2. 1912178 - ytra mat á Hæðarbóli

Ytra mat Hæðarbóls lagt fram til kynningar. Leikskólanefnd fagnar jákvæðum niðurstöðum varðandi innra starf leikskólans. Leikskólanefnd verður upplýst um framvindu umbóta sem kallað er eftir í lokaskýrslu.

1912280 - Áhrif laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á launröðun í leik- og grunnskólum frá og með 1. janúar 2020

Lög nr.95/2019 lögð fram til upplýsinga. nefndin álytur að þar sem löggin hafa nýlega tekið gildi sé ekki ljóst hver áhrif þeirra verða. Fylgjast þarf með hver áhrifin verða á leikskólastigið.

4. 1912272 - Ályktun FL og FSL frá jólafundi 2019. Starfsaðstæður í leikskólum

Leikskólanefnd felur Fræðslu- og menningarsviði að fylgjast með þróun starfsumhverfis leikskóla bæði varðandi þjónustu við íbúa og faglegt innra starf.

5. 2001218 - Ný menntastefna

Nefndarformaður kynnti undirbúning að vinnu við nýja menntastefnu sem mun hefjast á fyrri hluta þessa árs.

6. 2001217 - Áhersluþættir þróunarsjóðs leikskóla

Leikskólanefnd felur formanni og leikskólafulltrúa að vinna nánar að áhersluþáttum fyrir næsta úthlutunarár í samráði við skólanefnd grunnskóla.

7. 2001219 - Biðlistar í leikskólum

Leikskólanefnd var upplýst um stöðu á biðlistum og þeim ferlum sem úthlutun í leikskóla byggir á.

8. 2001277 - Fyrirspurn um málefni leikskóla

Lagðar voru fram kostnaðargreiningar á rekstri leikskóla Garðabæjar og Höfuðborgarsvæðisins s.k.v. upplýsingum úr gagnagrunni sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig voru lagðar fram upplýsingar um rekstur leikskóla í Garðabæ sbr. úttektarskýrslu Haraldar Línalds Haraldssonar sem lögð var fram í bæjarstjórn haustið 2019. Nefndarmönnum var einnig leiðbeint um aðgang að tölulegum upplýsingum um leikskóla á vef sambandsins. Leikskólanefnd fól leikskólafulltrúa að afla upplýsinga um fjölda barna sem er með dvöl í leikskóla milli 16:30 til 17:00.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
18. fundur 2020

Föstudaginn 24. janúar 2020 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909069 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020

Farið var yfir samþykktar fjárheimildir til menningarmála á árinu 2020. Sundurliðun fjárhagsáætlunar er birt á vef Garðabæjar.

2. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Bréf starfshóps um stafræna framþróun, dags. 5. desember 2019, lagt fram og rætt.

3. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019

Niðurstöður úr árlegri þjónustukönnun Gallup, þar sem viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins er mælt, voru kynntar. Farið var yfir helstu niðurstöður fyrir Garðabæ og þá sérstaklega niðurstöðu spurningar þar sem spurt er um ánægju með menningarmál. Könnunin er aðgengileg á vef Garðabæjar ásamt eldri könnunum.

4. 1911312 - Vetrarhátíð 2020

Farið var yfir undirbúning vegna Safnanætur og Sundlauganætur og dagskrá í Garðabæ. Vetrarhátíð verður haldin dagana 6.-9. febrúar nk. með þátttöku safna og sundlauga frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Safnanótt verður haldin föstudagskvöldið 7. febrúar og í Garðabæ verður opið hús í Bókasafni Garðabæjar, Hönnunarsafni Íslands, Króki á Garðaholti og á Bessastöðum. Sundlauganótt verður haldin sunnudagskvöldið 9. febrúar og í ár verður boðið upp á dagskrá í Álftaneslaug.

5. 2001324 - Jazzhátíð Garðabæjar 2020

Jazzhátíð Garðabæjar verður haldin í fimmtánda sinn 23.-25. apríl nk. með upphaf að kvöldi til sumardaginn fyrsta. Sigurður Flosason er listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Drög að dagskrá hátíðarinnar verða kynnt á næsta fundi nefndarinnar í febrúar.

6. 1703076 - Heilsueflandi samfélag Landlæknir

Samningur Garðabæjar og Capacent um verkefnið „Velsæld í Garðabæ“ var lagður fram og kynntur. Markmið fyrsta fasa verkefnisins er að kortleggja stöðu þeirra þátta sem hafa áhrif á velsæld og heilsu íbúa Garðabæjar.

7. 2001328 - Menningaruppskeruhátíð 2020

Menningaruppskeruhátíð Garðabæjar hefur verið haldin síðari hluta maí mánaðar á síðustu árum.

Stefnt er að því að halda næstu menningaruppskeruhátíð í Sveinatungu miðvikudaginn 27. maí nk.

8. 2001326 - Hvatningarsjóður ungra listamanna 2020

Farið var yfir reglur um Hvatningarsjóð ungra listamanna. Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum í mars og tilkynnt verður um úthlutun úr hvatningarsjóðnum á menningaruppskeruhátíð í maí.

9. 2001325 - Fræðslu- og sögugöngur 2020

Menningar- og safnanefnd hefur staðið að fjölbreyttum fræðslu- og sögugöngum undanfarin ár að vori og hausti í samstarfi við m.a. umhverfisnefnd, íþróttu- og tómstundaráð og Bókasafn Garðabæjar. Rætt var um hugmyndir að sögugöngum ársins.

10. 1911310 - Þriðjudagsklassík 2020

Kynntar voru hugmyndir Bókasafns Garðabæjar um samstarfsverkefni um lestrarverkefnið Lesum saman og forritunarnámskeið fyrir börn. Nefndin tók jákvætt í að taka þátt í þessum verkefnum með bókasafninu og upplýsingastjóra var falið að útfæra það í samstarfi við forstöðumann bókasafnsins.

11. 2001334 - Samstarfsverkefni bókasafns og menningar- og safnanefndar - lesum saman

Kynntar voru hugmyndir Bókasafns Garðabæjar um samstarfsverkefni um lestrarverkefnið Lesum saman og forritunarnámskeið fyrir börn. Nefndin tók jákvætt í að taka þátt í þessum verkefnum með bókasafninu og upplýsingastjóra var falið að útfæra það í samstarfi við forstöðumann bókasafnsins.

12. 1711209 - Hofstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun

Formaður greindi frá fundi með fyrirtækinu Gagarín þar sem farið var yfir með hvaða hætti væri hægt að gera samning um fyrsta fasa uppbyggingar í tengslum við minjagarðinn á Hofsstöðum skv. greinargerð og frumkostnaðaráætlun verkefnisins sem lá fyrir síðasta haust. Stefnt er að því að samningur verði tilbúinn í mars þar sem framkvæmdir og tímasetningar fyrsta fasa eru skilgreindar og að uppbygging hefjist á þessu ári.

13. 1909069 - Viðburðir framundan

Greint var frá eftirfarandi viðburðum sem eru framundan:

o Laugardaginn 25. janúar verða tónleikar hjá sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólanna í Langholtskirkju. Nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar taka þátt í tónleikunum en sinfóníuhljómsveitin er samstarfsverkefni Tónlistarskóla Garðabæjar og þriggja annarra tónlistarskóla.

o Fimmtudagskvöldið 13. febrúar nk. heldur Kvennakór Garðabæjar Þorravöku í Kirkjuholi, safnaðarheimili Vídalínskirkju, þar sem dagskráin er helguð listamönnum í Garðabæ.

o Dagana 27. febrúar-3. mars nk. verður Íslandsmótið í skák kvenna haldið í Sveinatungu á Garðatorgi.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

1. fundur 2020

Fimmtudaginn 16. janúar 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilstaðalands (Þróunarsvæðis B) að lokinni forkynningu.

Einnig lagðar fram tillögur að deiliskipulagi Hnoðrahólts norðurhluta, Vetrarmýrar og Rjúpnadals sem forkynntar voru samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Lagðar fram ábendingar sem borist hafa. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundum með skipulagsráði Kópasvogs og með Vegagerðinni og SSH þar sem tillögurnar voru ræddar. Umsagnir þessara aðila hafa enn ekki borist en þær eru væntanlegar innan skamms. Ábendingum vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. **1912229 - Kirkjugarður í Rjúpnadal - Tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum**

Lögð fram drög að matsáætlun vegna kirkjugarðs í Rjúpnadal sem um leið er haugsetningarsvæði.

3. **1504148 - Lundahverfi - nýtt deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Lundahverfis að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

4. **1909193 - Kajak klúbburinn Sviði - aðstaða**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir lóð fyrir uppsátur og naust á fjörुकambi í landi Katrínarkots. Lóðin er 100 m² að stærð og gert ráð fyrir byggingarreit 5,25x6 m. Þar verði heimilt að reisa naust sem verði 30 m² að hámarksgrunnfleti, mænishæð 3 m, veggshæð 1,5 m. Lóðin er utan marka friðlýsts svæði búsvæðaverndar Skerjafjarðar. Garðahverfi nýtur verndar sem verndarsvæði í byggð og samkvæmt 4.mgr. 6.gr.laga um verndarsvæði í byggð skal auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd. Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar skv.

1.mgr.43.gr.Skipulagslaga. Leita skal umsagnar Minjastofnunar vegna verndarsvæðis í

byggð og Umhverfisstofnunar vegna nálægðar við friðlýst svæði.
Baldur Ó.Svavarsson bókar eftirfarandi: "Enn er verið að leggja til breytingar á deiliskipulagi Garðahverfis. Bendí á að hér þarf byggingarskilmála sem horfa til byggðamynsturs 20.aldar og þeirra furðulegu kvaða sem gilda um nýbyggingarnar á svæðinu."

5. 2001154 - Eskiás - óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda (svæði L1 og L2) sem gerir ráð fyrir því að B-rými reiknist til grundvallar nýtingarhlutfalli og að ákvæði um kjallara verði fellt út úr tillögunni. Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Þar sem að grenndaráhrif breytingarinnar eru eru hverfandi að mati nefndarinnar er grenndarkynning felld niður sbr. 3.mgr.44.gr.sömu laga.

6. 1910415 - Arnarnes deiliskipulagsbreyting vegna aðkomutákns

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir aðkomutákn við Hafnarfjarðarveg að lokinni grenndarkynningu. Lögð fram athugasemd sem borist hefur en þar er spurt hvort táknið sé ekki of stórt og myndi hugsanlega hvin undir ákveðnum veðurskilyrðum.

Skipulagsnefnd telur táknið ekki of stórt og bendir á að upphaflega hafi það verið hugsað talsvert miklu stærra. Ekki er unnt að meta til fullnustu hvort hvinur myndist við ákveðin skilyrði. Ef til þess kemur þarf að ráðast í aðgerðir til þess að koma í veg fyrir hvin ef sýnt verður fram á að hann valdi íbúðum aðliggjandi húsa óþægindum.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna óbreytta sem óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

7. 1911282 - Krókamýri 46 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi að Krókamýri 46 að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Ekkert deiliskipulag telst í gildi í Mýrum. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt.

8. 1910311 - Kjóavellir-Garðabæjarhluti, dsk breytingar

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Kjóavalla sem gerir m.a. ráð fyrir breytingum á legum byggingarreita ofan götu í Rjúpnahlíð og svæði fyrir heygeymslu. Ekki er gert ráð fyrir breytingum innan lögsögu Kópavogs í þessari tillögu.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillögunni vísað til umfjöllunar hjá skipulagsráði Kópavogs.

9. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta sem nær til lóðarinnar Hraungata 8. Tillagan var grenndarkynnt og bárust tvær athugasemdir. Á fundi skipulagsnefndar 4. október 2019 var mælt með að hafna tillögunni með vísan til athugasemda sem höfðu borist. Á fundi bæjarstjórnar 17. október 2010 var málinu vísað að nýju til skipulagsnefndar með vísan til þess að ný gögn höfðu borist frá eiganda Hraungötu 8.

Tillagan gerir ráð fyrir sólskýli á svölum 2.hæðar.

Athugasemdir sem bárust lagðar fram ásamt erindi frá umsækjanda.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi

Urriðaholts í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Vísað er til þess að

lokað svalarymi hefði verið heimilt án grenndarkynningar ef útfærsla þakskyggis hefði verið með öðrum hætti og þá hefðu áhrif hins lokaða rýmis verið þau sömu á aðliggjandi lóð.

Baldur Ó.Svavarsson óskar eftir því að í bókun komi fram að hann hafi lagt til við fyrri afgreiðslu málsins að þetta væri skynsamlegasta niðurstaðan.

10. 1907083 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að útfærslu sem gerir ráð fyrir svölum sem ná út fyrir ytri byggingarreit. Skipulagsstjóri gerir grein fyrir útfærslu ytri byggingarreits á viðkomandi lóð sem er með öðrum hætti en annarra einbýlishúslóða við Víkurgötu að neðanverðu. Er hér um mistök við gerð skipulagsins að ræða. Skipulagsnefnd leggur til að ytri byggingarreit verði breytt til samræmis við útfærslu annarra lóða. Nefndin metur þá breytingu sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Víkurgötu 10, 12, 17 og 21. Skipulagsstjóra er heimilt að stytta tíma grenndarkynningar er hlutaðeigandi hafa með áritun sinni staðfest að þeir gerir ekki athugasemd við tillöguna. Skipulagsnefnd mælir með því að byggingarleyfisumsókn verði innan heimilda deiliskipulagsins eftir breytinguna.

11. 1911057 - Víkurgata 2 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar um það hvort heimilað verði að þak bílageymslu verði útfært með viðapöllum og hellulögn í stað grasþekju eins og deiliskipulag kveður á um. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar sem Urriðaholt ehf er samþykkt. Umsögn er jákvæð. Með vísan til umsögnina gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þessi atriði varðar.

12. 1912164 - Holtsgvegur 53 - stækkun bílageymslu - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

13. 1911109 - Hraungata 15, 17 og 19. Deiliskipulagsbreyting. Urriðaholt, austurhluti 1.

Lögð fram umsókn lóðarhafa um fjölgun íbúða um 3 ásamt breytingum sem þeirri fjölgun fylgir. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar sem Urriðaholt ehf er samþykkt.

Þó að koma megi auknu magni íbúða fyrir á lóð án aukins byggingarmagns þá eru lóðirnar seldar miðað við ákveðið byggingarmagn og ákveðin fjölda íbúða og því má telja eðlilegt er að þeir sem kaupa slíkar lóðir haldi sig innan þessara heimilda. Enda telur skipulagsnefnd slíkt skipta miklu með tilliti til uppbyggingar samgangna, skóla og leikskóla í hverfinu. Eins þarf hlutfall á milli stærða íbúða að haldast. Tillögunni er því hafnað.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum fundarlið.

14. 1808350 - Svæðisskipulagsbreyting á höfuðborgarsvæðinu - Vaxtarmörk á Álfsnesi

Lögð fram breyting á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 og meðfylgjandi umhverfsisskýrsla sem samþykkt hefur verið í svæðisskipulagsnefnd. Breytingin gerir ráð fyrir útfærslu vaxtarmarka svæðisskipulagsins í Álfsnesi á Kjalarnesi sem er innan lögsögu Reykjavíkur. Lögð fram gögn málsins þar sem finna má athugasemdir og umsagnir sem bárust í auglýsingarferli og viðbrögð svæðisskipulagsnefndar við þeim. Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna í 2.mgr.25.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og

9.gr.laga um umhverfismat áætlana nr.105/2006.

15. 1910423 - Bláfjöll skíðasvæði, skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags

Lögð fram tillaga að breytingu sveitarfélagsins Ölfus sem gerir ráð fyrir breytingu á landnotkun við sveitarfélagsmörk í Bláfjöllum. Einnig lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Skíðasvæðis Bláfjalla. Tillögurnar eru nú í samhliða auglýsingu. Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillögurnar.

16. 1912287 - Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Vinnslutillaga að breytingu og nýtt deiliskipulag sama svæðis. Traðarreitur -austur.

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 sem nær til svokallaðs Traðarreits austan við Hamraborg sem nú er í forkynningu. Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið er forkynnt samhliða. Skipulagsnefnd Garðabæjar hefur ekkert við tillögurnar að athuga.

17. 2001084 - Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar

Lagðar fram hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu sem hafa verið unnar á vegum Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

18. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lögð fram tillaga að skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ. Skipulagsnefnd mælir með því að starfshópurinn fjalli einnig um stafræna framsetningu skipulags í samráði við tækni-og umhverfissvið.

19. 1911082 - Drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Lögð fram drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

20. 1912040F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Fundargerð lögð fram.

20.1 1909193 - Kajak klúbburinn Sviði - aðstaða

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir lóð fyrir uppsátur og naust á fjörukambi í landi Katrínarkots. Lóðin er 100 m² að stærð og gert ráð fyrir byggingarreit 5,25x6 m. Þar verði heimilt að reisa naust sem verði 30 m² að hámarksgrunnfleti, mænishæð 3 m, vegghæð 1,5 m. Lóðin er utan marka friðlýsts svæði búsvæðaverndar Skerjafjarðar.

Garðahverfi nýtur verndar sem verndarsvæði í byggð og samkvæmt 4.mgr. 6.gr.laga um verndarsvæði í byggð skal auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Skipulagsstjóri mælir með því að tillagan verði auglýst sem breyting deiliskipulags skv. 1.mgr.43.gr.Skipulagslaga.

Málinu vísað til skipulagsnefndar.

20.2 1910415 - Arnarnes deiliskipulagsbreyting vegna aðkomutákns

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Arnarness að lokinni grenndarkynningu.

Athugasemd hefur borist. Vísað til skipulagsnefndar.

20.3 1912277 - Þrastanes 14 - Fyrirspurn til skipulagsstjóra

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram umsókn um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu að Þrastanesi 14. Fram kemur að um 4-6 viðskiptavinum á dag er að ræða.

Samkvæmt grein 4.16. í greinargerð deiliskipulags Arnarness kemur fram að rekstur sem leiðir af sér umferðaraukningu um húsagötur eða ónæði er með öllu óheimil nema með leyfi bæjarstjórnar.

Skipulagsstjóri telur að umferð af umræddri starfsemi sé óveruleg og að nóg bifreiðarstæði eru á lóðinni eins og hún er útfærð. Auk þess er aðkoma frá Lundanesi sem telst ekki húsagata skv.deiliskipulagi.

Vísað til bæjarráðs/bæjarstjórnar.

20.4 1802197 - Sjónarvegur 10- Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Samkvæmt reyndarteikningum og úttektarskýrslu er útfærsla suðaustursvala á húsi númer 14 með þeim hætti að þær uppfylla ekki kröfu um 50% gegnsæi handriða. Hönnuður bendir á að ástæða þess sé sú að það sé til þess að draga úr ónæði vegna ljósagangs frá bílastæðum frá bílastæði á lóð að ofanverðu.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við samþykkt reyndarteikningar verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað ákvæði um gegnasæi handriða á suðaustursvölum varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20.5 1910059 - Keldugata 1 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir einbýlishús að Keldugötu 1. Umsókn gerir ráð fyrir 2 geymslum utan byggingarreits á bak við stoðvegg. Með vísan í aðrar sambærilegar afgreiðslur umsókna gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað umræddar geymslur utan byggingarreits varðar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017. (Áður hefur skipulagsstjóri beitt sama ákvæði hvað varðar tilfærslu húss út fyrir byggingarreit)

20.6 1912213 - Urriðaholt norðurhluti 3 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Norðurhluta 3 sem gerir ráð fyrir breytingar á deiliskipulagsmörkum við Urriðaholtsstræti í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Norðurhluta 4 sem samþykkt hefur verið að auglýsa. Mörk deiliskipulags fylgja mörkum lóða við sunnanvert Urriðaholtsstræti eftir breytingu en er handan strætisins í gildandi deiliskipulagi.

Skipulagsstjóri lítur svo á að þegar að skipulagsnefnd samþykkti að vísa tillögu að deiliskipulagi Norðurhluta 4 til auglýsingar á fundi 12.desember sl hafi nefndin um leið samþykkt að vísa tillögu að breytingu deiliskipulagsmarka Norðurhluta 3 til auglýsingar.

20.7 1912216 - Urriðaholt vesturhluti - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Vesturhluta þar sem gert er ráð

fyrir breytingum á ákvæðum varðandi skjólveggi. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2019 á tillögu sama efnis lítur skipulagsstjóri svo á að heimild til auglýsingar tillögunnar hafi verið samþykkt.

20.8 1912214 - Urriðaholt austurhluta 1 - afmörkun svæðis - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta 1 sem gerir ráð fyrir breytingar á deiliskipulagsmörkum neðan við Maríugötu í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Norðurhluta 4 sem samþykkt hefur verið að auglýsa.

Skipulagsstjóri lítur svo á að þegar að skipulagsnefnd samþykkti að vísa tillögu að deiliskipulagi Norðurhluta 4 til auglýsingar hafi nefndin um leið samþykkt að vísa tillögu að breytingu deiliskipulagsmarka Austurhluta 1 til auglýsingar.

20.9 1912217 - Urriðaholt norðurhluta 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 1 þar sem gert er ráð fyrir breytingum á ákvæðum varðandi skjólveggi. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2019 á tillögu sama efnis lítur skipulagsstjóri svo á að heimild til auglýsingar tillögunnar hafi verið samþykkt.

20.10 1912218 - Urriðaholt norðurhluta 2 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 2 þar sem gert er ráð fyrir breytingum á ákvæðum varðandi skjólveggi. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2019 á tillögu sama efnis lítur skipulagsstjóri svo á að heimild til auglýsingar tillögunnar hafi verið samþykkt.

20.11 1912219 - Urriðaholt norðurhluta 3 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 3 þar sem gert er ráð fyrir breytingum á ákvæðum varðandi skjólveggi. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2019 á tillögu sama efnis lítur skipulagsstjóri svo á að heimild til auglýsingar tillögunnar hafi verið samþykkt.

20.12 1912220 - Urriðaholt austurhluta 1 - skjólveggir - deiliskipulagsbreyting

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 13

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Austurhluta 1 þar sem gert er ráð fyrir breytingum á ákvæðum varðandi skjólveggi. Með vísan í afgreiðslu skipulagsnefndar þann 12. desember 2019 á tillögu sama efnis lítur skipulagsstjóri svo á að heimild til auglýsingar tillögunnar hafi verið samþykkt.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
16. fundur 2020

Miðvikudaginn 29. janúar 2020 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Elín Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001275 - Íbúakönnun þjónustukönnun Gallup 2019

Lögð fram til kynningar. Skólanefnd lýsir yfir ánægju með niðurstöðuna sérstaklega hvað varðar skólana og barnafjölskyldur. Formanni nefndarinnar falið að senda kveðju til skólastjórnenda og starfólks.

2. 2001390 - Þróunarsjóður grunnskóla Garðabæjar 2020

Rætt um mögulegar áherslur sjóðsins. Kjörnum fulltrúum og skóladeild falið að fullmóta tillögur.

3. 2001393 - Endurskoðun skólastefnu Garðabæjar

Skólanefnd leggur til við bæjarráð að hafin verið vinna við endurskoðun nágildandi skólastefnu.

4. 1703076 - Heilsueflandi samfélag Landlæknir

Lagt fram til kynningar.

5. 1912280 - Áhrif laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á launröðun í leik- og grunnskólum frá og með 1. janúar 2020

Lagt fram til kynningar.

6. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

Lagt fram til kynningar. Skólanefnd leggur áherslu á horft verið til framþróunar stafrænnar tækni innan grunnskólanna og eins hvernig hún snýr að foreldrum. Notendaviðmót þarf að vera samræmt, aðgengilegt og hægt að bjóða upp á kennslu.

7. 1912272 - Ályktun FL og FSL frá jólafundi 2019. Starfsaðstæður í leikskólum

Lagt fram til kynningar.

8. 2001278 - Mótun menntastefnu til 2030

Lagt fram til kynningar.

9. 2001391 - Ráðning skólastjóra

Skólanefnd upplýst um að Brynhildur skólastýra Garðaskóla sé að láta af störfum og auglýst verði fljótlega eftir nýjum skólastjóra. Skólanefnd þakkar Brynhildi farsæl störf.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
252. fundur –27. janúar 2020

Fundargerð

Fundur var boðaður í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 27. janúar 2020. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundur hefst kl. 16.30.

1 Skipulagsmál

1.1 Tillaga að breytingum á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, Fannborgarreits og Traðarreits -vestur og nýtt deiliskipulag.


Lagt fram erindi dags.3.12.2019 frá Bjarka Valberg skipulagsfræðings Kópavogi þar sem óskað er umsagnar vegna breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 vegna breytinga á aðalskipulagi Fannborgarreits og Traðarreits-vestur. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Fannborgarreits og Traðarreits-vestur. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að breytingin felist í að heimila enduruppbyggingu á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur og að svæðið verði skilgreint sem þróunarreit fyrir þéttingu byggðar.

Í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu Fannborgarreits og Traðarreits-vestur kemur fram í kafla um samgöngur og umferð að aðliggjandi gatnakerfi ráði við aukna umferð en nauðsynlegt sé að gera ítarlegri umferðagreiningu og hljóðvistargreiningu á deiliskipulagsstigi.

Heilbrigðisnefnd tekur undir þessa ályktun og vekur athygli á að mikilvægt sé að gera hljóðvistarmælingar á svæðinu og kanna hvort þær séu í takt við þau hljóðvistarkort sem þegar hafa verið unnin og jafnframt verði þau áhrif sem aukin umferð á svæðinu hefur á hljóðvist reiknuð út. Þá er nauðsynlegt að lagðar séu fram tillögur að mótvægisáðgerðum á þeim stöðum þar sem hætta er á að hávaði sé yfir viðmiðunarmörkum.

Þá tekur Heilbrigðisnefnd undir þá áherslu sem lögð er á að við þéttingu byggðar sé horft til lausna í anda sjálfbærrar þróunar og í því sambandi huga að göngustígum og hjólastígum í tengingu við væntanlega borgarlínu, en mikilvægt er að aðkoma gangandi og hjólandi verði sem öruggust að þeim samgöngumannvirkjum sem tengjast borgarlínunni.

Að gefnu tilefni vekur heilbrigðisnefnd athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Þá vekur heilbrigðisnefnd athygli á að nauðsynlegt er við framkvæmdir á svæðinu sé tekið tillit til þeirrar starfsemi sem er í gangi.



1.2. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Traðarreits-austur og samhliða nýju deiliskipulagi sama svæðis.

Lagt fram erindi dags.19.12.2019 frá Bergljótu S. Einarsdóttur fyrir hönd skipulagsstjóra Kópavogs þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Traðarreits-austur og samhliða nýju deiliskipulagi sama svæðis. Breytingin felst í að heimila enduruppbyggingu á svokölluðum „Traðarreit-austur“ fyrir fjölbýlishús.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingar á nýju aðalskipulagi Traðarreits-austur og eins gerir heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við nýtt deiliskipulag á sama svæði.

1.3. Landfylling og brú yfir Fossvog

Lagt fram erindi dags.30.12.2019 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir álit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis á því hvort og á hvaða forsendum áformuð landfylling og brú yfir Fossvog skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum í samræmi við 6. gr. laga nr.106/2000 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr.660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðisnefnd hefur fjallað á fyrri stigum um áform um gerð brúar yfir Fossvog. Nefndin hefur tekið til umfjöllunar greinargerð Alta fyrir hönd framkvæmdaáðila, dags. 17. desember 2019. Nefndin telur að í greinargerð sé nægjanleg grein gerð fyrir áformaðri framkvæmd og þeim áhrifum sem hún kann að hafa á sitt umhverfi. Nefndin telur að ekki séu forsendur fyrir því að vísa henni í umhverfismat.

1.4. Aðalskipulagsbreyting vegna nýs stofnræsis á Völlum í Hafnarfirði.

Lagt fram erindi dags.20.01.2020 frá Gunnþóru Guðmundsdóttur arkitekts fyrir hönd Umhverfis og skipulagssviðs Hafnarfjarðar, þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu sem felast í að færa stofnræsi frá Nóntorgi að Hraunvallaskóla, en fyrirhuguð stofnlögn liggur um hverfisverndað hraun.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna en leggur áherslu á að reynt verði eftir megni að lágmarka rask á landi, að fyllsta öryggis verði gætt á framkvæmdatíma og að framkvæmdin valdi sem minnstri röskun í skólustarfi. Þá leggur nefndi áherslu á að tilvist og rekstur dælustöðva í námunda við Klukkuvelli 7 og Fléttuvelli 8 valdi ekki íbúum ónæði vegna hávaða, titrings eða lyktar.

1.5. Skipulagsbreyting við Ásvelli, Haukasvæði í Hafnarfirði

Lagt fram erindi dags.21.01.2020 frá Gunnþóru Guðmundsdóttur arkitekts fyrir hönd Umhverfis og skipulagssviðs Hafnarfjarðar, þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á aðalskipulagsbreytingu við Ásvelli. Í aðalskipulagsbreytingunni felst landnotkunarbreyting þar sem hluta íþróttasvæðis er breytt í íbúðarsvæði og samhliða breyting gerð á deiliskipulagi innan lóðar íþróttafélagsins Hauka.

Heilbrigðisnefnd veitir á þessu stigi ekki umsögn en vekur athygli Hafnarfjarðarbæjar á að þau áform sem felast í deiliskipulagsbreytingu innan lóðar íþróttafélagsins Hauka eru tilgreind í flokki B í lögum um mat á umhverfisáhrifum (1. Viðauki). Því þarf að kanna fyrst hvort áformin þurfi að fara í umhverfismat. Nefndin telur að þar til ákvörðun Skipulagsstofnunar um

umhverfismat liggur fyrir, sé ekki hægt að taka erindi Umhverfis og skipulagssviðs er varðar breytingu á deiliskipulagi til efnislegrar umfjöllunar.

2 Starfsleyfi og umsagnir

Garðabær

2.1 Litlatún 3, Garðabær –matvæli

Lögð fram umsókn Maciej Strolynski, f.h. Gott heitt hratt ehf., kt. 521011-1810, dags. 02.12.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir matarvagn í Hagkaup að Litlatúni 3, Garðabæ. Fasteignanr.: 2305334.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.2 Miðhraun 22b, Garðabær –verkstæði

Lögð fram umsókn Freys Aðalgeirssonar, f.h. Borgarafis ehf., kt. 690103-2490, dags. 06.12.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir verktakastarfsemi að Miðhrauni 22b, Garðabæ. Fasteignanr.: 2247218.

Ný starfsemi.

Minnisblað dags. 18.12.2019.

Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 10.12.2019. Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 13.12.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.3 Strikið 6, Garðabær - samkomusalur með eldhúsi

Lögð fram umsókn Lúðvíks Hjalta Jónssonar, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 22.01.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar með eldhúsi í Jónshúsi Félags- og þjónustumiðstöð að Strikinu 6, Garðabæ. Fasteignanr.: 2274002.

Endurnýjun.


Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.4 Ránargrund 4, Garðabær – veitingastaður

Lögð fram að nýju umsókn Stefáns Magnússonar, f.h. Sjáland matur og veisla ehf., kt. 530120-0230, dags. 21.01.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar og veislusalar að Ránargrund 4, Garðabæ. Fasteignanr.: 2360293. Um er að ræða nýja starfsemi.

Bréf var sent byggingarfulltrúa dags. 28.11.2019. Jákvætt svar byggingarfulltrúa dags. 28.11.2019.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page. From left to right: a large signature, the initials 'b j', a signature, the initials 'SMG', and another signature.

2.5 Suðurhraun 3, Garðabær –niðurrif

Lögð fram umsókn Torfa Hjartarsonar, f.h. RA5 ehf., kt. 590404-2410, dags. 20.01.2020, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Suðurhrauni 3, Garðabæ. Fasteignanr.: F2232539, F2260706 og F2260707. Tímabundin starfsemi.

Lög nr. 7/1998. Viðauki IV. Starfsemi D. 10.8 Niðurrif húsa og annarra bygginga.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi til niðurrifs til 1. júní 2020.

2.6 Vífilsstaðavegur 119-121, Garðabær –leikskóli

Lögð fram umsókn Þórdísar Jónu Sigurðardóttur, f.h. Hjallastefnan leikskólar ehf., kt. 550119-0130, dags. 27.12.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir leikskóla að Vífilsstaðavegi 119-121, Hnoðraholti, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.7 Þrastanes 14, Garðabær –fótaaðgerðastofa

Lögð fram umsókn Heru Sveinsdóttur, kt. 220963-5949, dags. 14.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Þrastanesi 14, Garðabæ. Fasteignanr.:2072594.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2020.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar dags. 17.01.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.8 Álfaskeið 10, Hafnarfjörður - gististaður

Lögð fram umsókn William Symington, kt. 150569-2229, dags. 03.12.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II að Álfaskeiði 10, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2072742.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.12.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.12.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 17.12.2019.

Með vísun í svar byggingafulltrúa dags.17.12.2019 er endurnýjun starfsleyfis frestað og umsækjanda bent á að hafa samband við Umhverfis og skipulagssvið bæjarins um framhald málsins.

2.9 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Elínar R. Sigurðardóttur, kt. 020767-3839, f.h. Snyrtistofan Björt, dags. 27.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr.: 2323258.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.12.2019.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, a smaller one in the middle, and several initials on the right, including 'SMG' and 'Hafnarfjörður'.

Endurnýjun starfsleyfis frestað þar til fyrir liggur úrbótaáætlun og að uppfylltar séu kröfur heilbrigðisfulltrúa.

2.10 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Guðríðar Láru Gunnarsdóttur, f.h. Guja Gunnars ehf., kt. 621119-1170, dags 28.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 222-3447.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags 13.09.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.11 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - snyrtistofa

Lögð fram umsókn Sigrúnar Mist Gunnarsdóttur, kt. 290495-3269, f.h. Fagrir Fingur - Naglastofa, dags 29.11.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2223440.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.01.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.12 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður - hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Sólrúnar Ársælsdóttur, f.h. Barberia ehf., kt. 461117-1550, dags 12.01.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2242897.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.13 Hólshraun 1, Hafnarfjörður - sjálfsafgreiðslustöð

Lögð fram umsókn Heiðu Ólafsdóttur, f.h. Olís ehf., kt. 500269-3249, dags. 02.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti að Hólshrauni 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2230142.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.06.2019 og 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.14 Melabraut 11, Hafnarfjörður - sjálfsafgreiðslustöð

Lögð fram umsókn Heiðu Ólafsdóttur, f.h. Olís ehf., kt. 500269-3249, dags. 02.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti að Melabraut 11, Hafnarfirði.


Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.06.2019 og 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.15 Rauðhella 4, Hafnarfjörður - dekkjaverkstæði

Lögð fram umsókn Mohammed Younas, f.h. Iceland Tire ehf., kt. 670917-2070, dags. 11.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs dekkjaverkstæðis að Rauðhelli 4, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2073568.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, the initials 'b.f.' in the center, and several other signatures and initials on the right, including 'SMG' and 'GHP'.

Ný starfsemi.

Minnisblað dags. 11.12.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.12.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 16.12.2019.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.16 Steinhella 17b, Hafnarfjörður - þjónustuverkstæði bílaleigu

Lögð fram umsókn Lárusar G. Brandssonar, f.h. RVR ehf., kt. 670789-1369, dags. 06.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustuverkstæði bílaleigu að Steinhellu 17b, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2293893.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.06.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.12.2019. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 15.01.2020 þar sem byggingastig húsnæðisins er ekki fullnægjandi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til eins árs enda er starfsemin í samræmi við skilgreinda starfsemi svæðisins en með fyrirvara um að kröfum byggingafulltrúa verði fullnægt á starfsleyfistímanum.

Kópavogur

2.17 Akralind 1, Kópavogur - vélsmiðja

Lögð fram umsókn Guðmundar Ó. Heiðarssonar, f.h. Mannberg ehf., kt. 601164-0199, dags. 04.12.2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir vélsmiði og viðgerðir að Akralind 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2238338.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.12.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.12.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.01.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.18 Askalind 8, Kópavogur - prentsmiðja

Lögð fram umsókn Rafnars Karls Rafnarssonar, f.h. Rúnir slf., kt. 620110-0350, dags. 04.12.2019 þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Askalind 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2252897.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 04.12.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.12.2019. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.01.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.


2.19 Baugakór 36, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Margrétar B. Jóhannesdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 07.01.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir leikskóla að Baugakór 36, Kópavogi.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára .



2.20 Dalsmári 13, Kópavogur – íþróttahús

Lögð fram umsókn Jónasar Páls Björnssonar, f.h. Tennisfélagið ehf., kt. 480306-0660, dags. 03.12.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir íþróttahús að Dalsmára 13, Kópavogi. Fasteignanr.: 2292334.

Endurnýjun og viðbætur á húsnæði.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.01.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.01.2020. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2019.

Endurnýjunar starfsleyfis er frestað þar til fyrir liggur úrbótaáætlun vegna nýs byggingahluta og lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.21 Fagrihjalli 19, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ernu Arnarsdóttur, f.h. Wine & stuff ehf., kt. 581219-2370, Fagrahjalla 19, Kópavogi. dags. 03.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá vöruhótelu. Fasteignanr.: 2060296.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um staðfestingu frá vöruhótelu.

2.22 Hagasmári 1, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Kristins Inga Sigurjónssonar, f.h. Skyrboozt ehf., kt. 631214-1500, dags. 03.12.2019, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2227650.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 30.10.2028.

2.23 Hlíðasmári 12, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Sigurgísla Bjarnasonar, f.h. Nings ehf., kt. 680406-3160, dags. 03.12.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hlíðasmára 12, Kópavogi. Fasteignanr.: 2224646.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.


2.24 Hlíðasmári 15, Kópavogur – kírópraktorstofa

Lögð fram umsókn Vignis Þórs Bollasonar, f.h. Life 18 ehf., kt. 431017-1050, dags. 14.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kírópraktorstofu að Hlíðasmára 15, Kópavogi. Fasteignanr.: 2237066.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.01.2019.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including a large signature on the left, several smaller initials in the middle, and a signature with 'SMB' written below it on the right.

2.25 Leiðarendi 3, Kópavogur – samkomusalur

Lögð fram umsókn Hannesar Siggasonar, f.h. Skógræktarfélags Kópavogs., kt. 601072-0179, dags. 10.01.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal að Leiðarenda 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2320200.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt byggingafulltrúa.

2.26 Nýbýlavegur 6, Kópavogur – dreifing og verslun með matvæli

Lögð fram umsókn Árna Elvars Eyjólfssonar, f.h. Lagsmaður ehf., kt. 500604-3010, dags. 16.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu og verslun með matvæli að Nýbýlavegi 6, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-4388.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.27 Skemmuvegur 28M, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurjóns Þórissonar, f.h. KS. Protect.is., kt. 530718-1310, dags. 18.12.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 28M, Kópavogi. Fasteignanr.: 206-4898.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.01.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.28 Smáratorg 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Kristjáns Ólafs Sigríðarsonar, f.h. Wokon ehf., kt. 480518-1440, dags. 13.12.2019, þar sem sótt er um leyfi til veitingareksturs að Smáratorgi 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2237876.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 16.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.


2.29 Smáratorg 3, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ástu Margrétar Sesseljudóttur, f.h. Fino ehf., kt. 611119-0110, dags. 01.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Smáratorgi 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2289966.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



2.30 Tröllakór 12, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Írisar Gunnarsdóttur, f.h. Mulier Fortis ehf., kt. 651019-1760, Tröllakór 12, Kópavogi. Fasteignanr.: 2289282.dags. 14.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá vöruhótelu.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.31. Víkurhvarf 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Garðars Forberg, f.h. Kenzo ehf., kt. 510316-1690, dags. 22.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til veitingareksturs að Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2287801.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.01.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.32 Vesturvör 10, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn Jóns Sigurðssonar, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 14.01.2020, sótt er um leyfi til niðurrifs húss að Vesturvör 10, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065890. Tímabundin starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 24.01.2020.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er staðfest leyfi til niðurrifs til 01.04.2020.

3 Umsagnir

Garðabær

3.1 Breiðumýri, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.12.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lionsklúbbsins á Álftanesi, kt. 690385-0669, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri, Garðabæ þann 01.02.2020 frá kl. 18.30 – 04.00. Gestafjöldi 500.


Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.2 Skólabraut, Garðabær – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjörnunnar, kt. 580589-1389, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Mýrinni íþróttahús, Garðabæ þann 24.01.2020 frá kl. 19.00 – 03.00. Gestafjöldi 1200.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

Hafnarfjörður



SMG

3.3 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.12.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM-Veitinga ehf., kt. 540709-0330, þar sem sótt er um leyfi fyrir lengri opnunartíma, frá 31.12.2019 til 02.01.2020 frá kl. 24.00 – 04.00. Gestafjöldi 89.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.4 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn JM-Veitinga ehf., kt. 540709-0330, þar sem sótt er um leyfi fyrir lengri opnunartíma, þann 18.01.2020 frá kl. 24.00 – 06.00. Gestafjöldi 89.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.5 Strandgata íþróttahús, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags FG, kt. 660287-2649, þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu við Strandgötu, þann 30.01.2020 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 650.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

Kópavogur

3.6 Bæjarlind 6, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttekið dags. 14.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Á-B ehf., kt. 500914-0330, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. III, fyrir SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.09.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.09.2015.

3.7 Bæjarlind 6, Kópavogur - veitingastaður, tækifærisleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Tækniskólans, kt. 670984-0529, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 27.02.2020 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 280.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

3.8 Bæjarlind 6, Kópavogur - veitingastaður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Spot, kt. 500914-0330, þar sem sótt er um leyfi fyrir lengri opnunartíma v/Superbowl í SPOT, Bæjarlind 6, Kópavogi, þann 01.02.2020 frá kl. 24.00 – 04.00. Gestafjöldi 100.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

The image shows several handwritten signatures and initials in black ink. On the left, there is a large, stylized signature. To its right, there are smaller initials, possibly 'b.d.'. Further right, there is another large signature, and on the far right, there are initials that appear to be 'S.M.G.'.

3.9 Engihjalli 8, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 14.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gott heitt hratt ehf., kt. 521011-1801, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Engihjalla 8, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 02.12.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 21.11.2011.

3.10 Hamraborg 6, Kópavogur - samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 07.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Tónlistarhús Kópavogs-salurinn, kt. 681298-3129, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal, Hamraborg 6, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.10.2019.

3.11 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.11.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Húsastóls ehf., kt. 640300-3450, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Lux Apart, Nýbýlavegi 18, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.05.2019.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 30.03.2015.

3.12 Vallakór 12-14, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.01.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sena ehf., kt. 510205-1380, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í Kórnum ípróttahúsi, Kópavogi, þann 23.05.2020 frá kl. 18.00 – 22.30. Gestafjöldi 9900. Minnisblað dags. 23.01.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Fjarðarkaup ehf, Hafnarfjörður– matvöruverslun

Lögð fram umsókn Fjarðarkaup ehf., kt. 650398-3359, dags. 07.07.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Fjarðarkaup ehf., Hólshrauni 1, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfisveitingu.

5 Fundargerðir

5.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.


Fundargerð frá 5.11.2019 lögð fram til kynningar.

5.2 Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerð frá 2.12.2019 lögð fram til kynningar.

5.3 Umhverfisgæðahópur

Fundargerð frá 15.01.2020 lögð fram til kynningar.



6 Starfsmannamál

6.1 Nýr starfsmaður á matvæla- og hollustuháttasviði.

Auglýst var eftir starfsmanni á matvæla- og hollustuháttasvið. Umsækjendur voru 18 og eftir að unnið hafði verið úr umsóknum og viðtöl tekin, var ákveðið að ráða Sigríði Dröfn Jónsdóttur matvælafræðing í starfið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ráðningu hennar.

7 Annað

7.1 Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á lögum hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins um drög að frumvarpi um breytingar á lögum hollustuhætti og mengunarvarnir sem vísað var til Umhverfis- og samgöngunefndar til umfjöllunar og sent m.a. heilbrigðiseftirlitum til umsagnar.

Frumvarpið felur m.a. í sér breytingar á viðaukum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem lista upp starfsleyfis- og skráningarskylda starfsemi. Í greinargerð segir að við ákvörðun um hvort starfsemi skuli vera háð starfsleyfi eða skráningu sé byggt á áhættumati af viðkomandi starfsemi. Þannig er lagt til í frumvarpinu að sú starfsemi sem skorar hátt í áhættumati verði áfram starfsleyfis- eða skráningarskyld en sú starfsemi, sem skorar lágt verði ekki háð starfsleyfis- eða skráningarskyldu.

Ítrekuð er sú skoðun heilbrigðisnefndar að stjórnvöld eigi að fara sér hægt í því að fella með öllu niður eftirlitsskyldu með starfsemi sem er að finna í viðaukum IV og V. Álag frá atvinnurekstri á sitt nærumhverfi getur verið breytilegt eftir staðsetningu, aðstöðu rekstrar, umfangi, tækni, verklagi o.fl. þáttum. Staðbundin stjórnvöld eru best fær um að meta hvort og hvaða aðkoma þarf til að rekstur sé í sátt við sitt umhverfi.


7.3. Kvartanir til heilbrigðiseftirlits 2019.

Lagt fram yfirlit kvartana sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu á árinu 2019. Kvartanir reyndust færri 2019 en um langt árabíl þ.e. skráðar voru 376 kvartanir sem er 28% færri en fyrra ár. Hvað veldur svo mikilli fækkun er óvíst þar sem fækkun er í öllum flokkum kvartana. Hugsanleg skýring er þokkalegt efnahagsástand eða jafnvel góða veðrið í sumar. Hluti skýringarinnar gæti líka verið breyting í skráningu, þar sem óljós mörk eru stundum hvort viðmælandi er að leita upplýsinga eða hvort hann er með eiginlega kvörtun .

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að farvegur kvartana sé skýr og vel kynntur og íbúar sveitarfélaganna hafi greiðan aðgang að heilbrigðisfulltrúum. Mikilvægt er að farvegur kvartana sé vel kynntur t.d. á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

7.4. Loftgæðamælingar á vegum heilbrigðiseftirlits

Heilbrigðisnefnd hefur um nokkurt skeið rekið tvær mælistöðvar til að vakta loftgæði á starfssvæðinu. Stöð að Norðurhelli 2 í Hafnarfirði, sem er á svæði utan íbúðahverfis á Völlumunum en milli þess og þungaiðnaðarsvæðis og svo stöð að Dalsmára við íbúðahverfi sem er í lægð á milli stórra umferðaræða miðlægt á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður mælinga fyrir 2019 sýna breytingar frá fyrra ári sem eru taldar tengjast sveiflum í veðráttu.



7.4.1. Umhverfismælingar í Dalsmára, mælingar í lofti, mælingögn 2019.

Nýsköpunarmiðstöð, hefur tekið saman fyrir heilbrigðisnefnd niðurstöður mælinga í lofti á Dalsmára í Kópavogi fyrir árið 2019. Helstu niðurstöður loftgæðavöktunar voru að merkja mátti nokkrar breytingar frá fyrra ári. Telur skýrsluhöfundur að þær endurspegli að mestu mismun á veðurlagi. Árið 2019 var góðviðrasamt og vindur hægur og norðlægur áttir hlutfallslega mun algengari en árið áður og suðlægur áttir að sama skapi fátíðari. Þessi breyting er líkleg til að stuðla að hækkun á mældum gildum mengunar á þessari mælistöð. Mælingar á árinu fóru þó ekki yfir umhverfismörk sem sett eru, fyrir utan svifryk á nýársnótt. Svifryk mældist svipað og áður eða í herra meðallag og hæstu gildi áttu upptök í flugeldaskothríð en líka mátti sjá áhrif uppsafnaðs svifryks úr nærumhverfi á góðviðrisdögum. Brennisteinstvíoxíð (SO_2) var með lægra móti en brennisteinsvetni (H_2S) með hæsta móti. Þá eru nituroxíð (NO_x) í herra lagi miðað við sumar aðrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu, en við því má búast á þessu svæði, stöðin er milli stórra umferðaræða, miðlægt á borgarsvæðinu, niðri í skjólsælum dal. Nokkur hækkun varð á nituroxíðum frá árinu áður og má líklega rekja það til veðurlags ársins, en áhrifamestu þættir á nituroxíð eru umferð og veðurfar.


7.4.2. Umhverfismælingar að Norðurhelli, Mælingar í lofti, mælingögn 2019.

Nýsköpunarmiðstöð, tók einnig saman fyrir heilbrigðisnefnd niðurstöður mælinga í lofti að Norðurhelli í Hafnarfirði fyrir árið 2019. Helstu niðurstöður loftgæðavöktunar voru að merkja mátti nokkrar breytingar frá fyrra ári. Telur skýrsluhöfundur að þær endurspegli að mestu mismun á veðurlagi. Árið var góðviðrasamt og vindur hægur og norðlægur áttir hlutfallslega mun algengari en árið áður og suðlægur áttir að sama skapi fátíðari. Mælingar á árinu, fyrir utan svifryk á nýársnótt, fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum í mörgum tilvikum. Svifryk mældist í meðallagi í heild, þó að frá vori og yfir sumarið hafi svifryk mælst í herra lagi þegar gerði langa þurrkakafli. Brennisteinstvíoxíð (SO_2) var með lægra móti en brennisteinsvetni (H_2S) með herra móti, vegna norðaustanáttu í upphafi og lok ársins. Þá eru nituroxíð (NO_x) í herra lagi og varð nokkur aukning á árinu sem líklega má rekja til veðurlags fremur en aukningar á umferð, en áhrifamestu þættir á nituroxíð eru umferð og veðurfar.

Mælistöðvar heilbrigðisnefndar og aðrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu gefa góða mynd af almennum loftgæðum á svæðinu. Mælingar í rauntíma má nálgast á heimasíðu heilbrigðiseftirlits [heilbrigðiseftirlit.is](http://heilbrigdiseftirlit.is) og á vefslóðinni loftgaedi.is. Á heimasíðu eftirlitsins má einnig nálgast ofangreindar skýrslur. Staðbundið, s.s. nærri miklum umferðargötum, gætu aðstæður verið lakari og einnig betri s.s. þar sem vindar blása frekar. Með minni stöðvum og færanlegum væri hægt að kortleggja frávik betur.

Heilbrigðisnefnd ítrekar mikilvægi vöktunar á loftgæðum og þakkar fyrir skýrslurnar. Heilbrigðisnefnd telur tímabært að hugað verði að kaupum á minni stöðvum eða færanlegum búnaði sem nýst gæti við mat á gagnsemi götuhreinsana og eins til að vakta og kortleggja viðkvæma staði.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:30.




Jón Haukur Ingvason




Sigurður Grétarsson




Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Elínbjörg Ingólfssdóttir



SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 22. janúar var haldinn 380. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:53.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fenger Garðabæ. Guðmundur Geirdal varamaður fyrir Höllu Karí Hjaltsted Kópavogi.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að útkomuspá dags. 21. janúar 2020.
kl. 09:00 kom Ómar Einarsson á fundinn.
2. Rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæðunum.
3. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í fjöllumunum. Laugardaginn 18. janúar 2020 var mjög góð mæting gesta í Bláfjöll. Svæðin hafa farið þokkalega út úr því slæma veðri sem verið hefur í janúar.

Fundi slitið kl. 09:52.

Diljá Ámundadóttir

Björg Fenger
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Magnús Örn Guðmundsson

Guðmundur Geirdal
Kristín María Thoroddsen



Fundargerð

91. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 24. janúar 2020 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Kópavogsbær:

Helga Hauksdóttir

Bergljót Kristinsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ólafur Ingi Tómasson

Daði Lárusson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Harpa Þorsteinsdóttir

Mosfellsbær:

Ásgeir Sveinsson

Sveinn Óskar Sigurðsson

Seltjarnarnesbær:

Ragnhildur Jónsdóttir

Kjósarhreppur:

Magnús Ingi Kristmannsson

Marianna Hugrún Helgadóttir boðaði forföll. Formaður, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, setti fund og stýrði.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð.

1. Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2020 – 2021

Lögð fram tillaga Svæðisskipulagsstjóra dags. 24.01.2020 að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 – 2021.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að leggja verkefna- og fjárhagsáætlun, dags. 24.01.2020, fyrir stjórn SSH.

2. Mat á losun bifreiða árið 2030

Kynning á rannsókn frá Háskólanum í Reykjavík sem varðar losun á útblæstri frá bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2030.

Eyjólfur Ingi Ásgeirsson og Hlynur Stefánsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Tækifæri MaaS

Kynning á verkefni sem Parallel ráðgjöf hefur sinnt fyrir Strætó og Reykjavíkurborg sem varðar MaaS (*Mobility as a Service*) og hvernig sveitarfélög geta safnað saman upplýsingum um samgönguvalkosti á enn stað fyrir notendur til að nálgast.

Jökull Sólberg og Þórhildur Edda Gunnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Sigurður Guðmundsson vék af fundi klukkan 15:00

4. Aðalskipulag Kópavogs, breyting á aðalskipulagi: Traðarreitur - austur/málsnr. 1905003

Lögð fram vinnslutillaga til kynningar og umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna enda er hún í samræmi við stefnu svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2040 um aukna uppbyggingu á samgöngumiðum svæðum.

5. Aðalskipulag Kópavogs, breyting á aðalskipulagi: Traðarreitur – vestur/málsnr. 1912005

Lögð fram skipulagslýsing til kynningar og umsagnar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Niðurstaða:

Ekki eru gerðar athugasemdir við skipulagslýsinguna. Svæðisskipulagsnefnd bendir á að í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni bæjarkjarna í töflu 2, sem sveitarfélög þurfa að útfæra nánar í aðalskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd bendir einnig á að umrætt svæði er innan samgöngu- og þróunaráss sem skilgreindur var nýverið með sérstakri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en með breytingunni var samþykkt ákvæði sem varða uppbyggingu meðfram þróunarásum sem sveitarfélögin þurfa að útfæra í aðalskipulagi. Í breytingunni segir að uppbygging skuli vera samgöngumiðuð (e. transit-oriented) í þeim skilningi að lögð er áhersla á þéttingu og blöndun byggðar og að umhverfið sé liðlegt þeim sem fara ferða sinnar og sækja þjónustu fótgangandi eða hjólandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:22



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

315. fundur

Föstudaginn 10. janúar 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Helga Ingólfssdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fulltrúi Reykjavíkur, Hjálmar Sveinsson boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Árangursmat stjórnar.
- 2) Innri endurskoðun ráðningarbréf lagt fram.
- 3) Markaðsáætlun 2020
- 4) Leiðanetsmál – leiðarljós breytinga.
- 5) Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk – staðan.
- 6) Vagnakaupaútboð.
- 7) Önnur mál
 - a) Kreditkortamisnotkun
 - b) Ráðstefna á Íslandi.
 - c) Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands dags. 9. janúar 2020 um fjölda verktaka hjá Strætó.

Tekið fyrir:

1. Árangursmat stjórnar.

Spurningarkönnun um árangursmat stjórnar verður send út á næstunni til stjórnarmanna. Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri, kom á fundinn til að ræða umfjallanir um starfsmannamál Strætó. Árleg vinnustaðagreining meðal starfsmanna mun fara fram í lok mánaðarins.

2. Innri endurskoðun ráðningarbréf lagt fram.

Lagt var fram ráðningarbréf frá Deloitte, stjórnarformanni falið að vinna málið áfram og hafa samband við endurskoðunarnefnd Strætó varðandi næstu skref. Framkvæmdastjóra falið að athuga aðdragandann að því fyrirkomulagi sem nú er í gildi varðandi endurskoðunarnefnd félagsins.

3. Markaðsáætlun 2020.

Markús Vilhjálmsson, sölustjóri Strætó og Guðmundur H. Helgason, fjölmiðlafulltrúi Strætó kynntu markaðsáætlun Strætó fyrir árið 2020. Einnig fóru fram umræður um gjaldskrána, appið og fargjaldastefnu í tengslum við nýtt greiðslukerfi Strætó.

4. Leiðanetsmál – næstu skref.

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir næstu skref varðandi leiðanetið. Skv. árhjólí leiðanetsbreytinga eiga að vera haldnir fundir með sveitarstjórnnum í febrúar þar sem umræður um óskir að breytingum á leiðaneti á næsta ári ásamt öðrum atriðum er snerta Strætó fara fram. Strætó mun boða hvert sveitarfélag á fund á næstum vikum.



5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

BF fór yfir stöðuna, en verkefnahópur á vegum SSH hefur verið að vinna að undirbúningi útboðs fyrir 4 sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að senda uppfærða þjónustulýsingu og reglur á viðkomandi sveitarfélög fljótlega.

6. Vagnakaupaútboð.

Alþingi hefur samþykkt ívilnanir í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti við innflutning á vistvænum vögnum, tóku breytingarnar gildi strax í byrjun árs. Stjórn fagnar því að þessar ívilnanir hafi verið samþykktar enda mun þær hjálpa við orkuskipti í almenningsamgöngum.

BF og JSR greindu frá fundum sem þau hafa átt með ON og Veitum vegna uppbyggingu innviða. Von er á upplýsingum frá félögunum um hvort og hvernig þau geta stutt við orkuskipti í almenningsamgöngum og stöðu innviði vegna hleðslustöðva.

7. Önnur mál

a) Kreditkortamisnotkun.

Markús Vilhálmsson, sölustjóri Strætó fór yfir málið. Þegar starfsmenn sáu óeðlilegar færslur var strax brugðist við til að lágmarka tjónið. Settur hefur verið upp svokallaður 3D Secure hugbúnaður á vefverslun, sem kemur í veg fyrir svindl með þessum hætti. Málið hefur verið kært til lögreglu.

b) Ráðstefna InfoNorden/NTLM.

Kynnt var fyrirhuguð ráðstefna sem eru samvinnuverkefni norrænna strætófyrirtækja. Gengur undir nafninu InfoNorden/NTLM og verður hún haldin í Reykjavík í september n.k.

c) Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands dags. 9. janúar 2020 um fjölda verktaka hjá Strætó

Strætó falið að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið kl. 13:00

Fylgiskjöl:

Björg Fengler

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

417. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 22.01.2020, kl.15:00.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir Ágúst Bjarni Garðarsson, Líf Magneudóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Jóna Sæmundsdóttir boðaði forföll. Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 1 var Erlendur Gíslason og undir lið 2. Anna Margrét Jóhannesdóttir, Jenný Stefanía Jensdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Þórunn Þórðardóttir, Lárus Finnbogason og Sigrún Guðmundsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Stefna ÍAV

Kynnt drög að greinargerð vegna stefnu ÍAV vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar. Málið rætt. Stjórn felur lögmanni að halda áfram með málið eins og áður hefur verið ákveðið.

2. Skýrsla Innri endurskoðanda Reykjavíkur, stjórnarhættir, áætlanagerð og GAJA

Innri endurskoðandi kynnir helstu niðurstöður. Málið rætt. Stjórn SORPU samþykkir að afþakka vinnuframlag framkvæmdastjóra á meðan mál hans er til meðferðar innan stjórnar.

Jóna Sæmundsdóttir tengdist fundinum í gegnum síma kl. 16:28

Kolbrún Þorsteinsdóttir fer af fundi kl. 16:48

3. Fundargerðir stjórnar samþykktar og undirritaðar.


Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 30. janúar kl. 15:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 17:16

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Jóna Sæmundsdóttir
Bjarni Torfi Álfþórsson



Reykjavík, 17. janúar 2020
Fundargerð 187. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 17. janúar var haldinn 187. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Kolbrún Þorsteinsdóttir í fjarveru Haralds Sverrissonar. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Starfsáætlun stjórnar 2020

Formaður lagði fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2020, dags. 17. janúar 2020.

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra

Í starfsreglum stjórnar, greinum 12.1 t.o.m. 12.4, kemur fram að telji stjórnarformaður eða einstaka stjórnarmaður ástæðu til þess að störf, verklag, starfshættir eða frammistaða stjórnarformanns, einstakra stjórnarmanna eða slökkviliðsstjóra séu metin sérstaklega, skuli leitað til utanaðkomandi aðila til þess að framkvæma slíkt mat.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra falið að vinna að málinu, í samráði við formann.

3. Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi

Drög að nýjum þjónustusamningi SHS við Kjósarhrepp um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í hreppnum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi, drög, ódags.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir sammingsdrögin og heimilar slökkviliðsstjóra að undirrita hann fyrir hönd SHS.

4. Önnur mál


Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:00


Næsti fundur verður föstudaginn 21. febrúar 2020.

Fylgiskjöl:


- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2020, dags. 17. janúar 2020.
- Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi, drög, ódags.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir




Kolbrún Þorsteinsdóttir



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ

1. gr.

Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að auka sjálfstæði þeirra og stuðla að því að þeir geti búið lengur heima.

2. gr.

Umsókn og fylgigögn

Á heimasíðu Garðabæjar/*Minn Garðabær* er hægt að sækja um akstursþjónustu rafrænt. Einnig er hægt að sækja um skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má í þjónustuveri Garðabæjar eða á skrifstofu stuðningsþjónustu Garðabæjar. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Með umsókn þarf að fylgja læknavottorð.

Þegar niðurstaða á afgreiðslu umsóknar liggur fyrir er umsækjanda tilkynnt um hana með tryggilegum hætt.

3. gr.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt. Skilyrðin þurfa að vera uppfyllt á meðan umsækjandi nýtir akstursþjónustuna.

- a. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Garðabæ.
- b. Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri. Hafi umsækjandi nýtt sér akstursþjónustu fyrir 67 ára aldur á grundvelli reglna um akstursþjónustu fatlaðs fólks á hann rétt á að halda þeirri þjónustu.
- c. Umsækjandi skal búa sjálfstætt.
- d. Umsækjandi er ófær um að nota almenningsgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar eða annarrar skertrar getu.

Einstaklingar á aldrinum 18 – 66 ára, sem ekki eru skilgreindir sem fatlaðir, en uppfylla skilyrði c. og d. liðar 2. gr. þessara reglna vegna örorku, sjúkdóma eða slysa, eiga einnig rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

Þeir sem hafa aðgang að eigin farartæki, hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt þessum reglum.

Í undantekningartilvikum er akstursþjónustan veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða (skemmri en þriggja mánaða) s.s. vegna aðgerða, sjúkdóma og slysa.

4. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Fjölskyldusvið Garðabæjar sér um afgreiðslu umsóknar. Heimilt er að óska eftir nánari gögnum og/eða upplýsingum um umsækjanda með hans samþykki.

Fjölskyldusvið tekur ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og skal tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem mögulegt er, en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á.

5. gr.

Gildistími samþykkrar umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörfum hvers og eins. Hver samþykkt umsókn gildir að jafnaði í eitt ár og skal endurnýjast í lok gildistíma, sé þess óskað.

Notanda ber að tilkynna fjölskyldusviði um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta þessa þjónustu. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum notanda eftir að umsókn hefur verið samþykkt er fjölskyldusviði heimilt að endurskoða gildistíma samþykktar.

6. gr.

Skilgreiningar á ferðum, þjónustusvæði og fjölda ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka innan þjónustusvæðis. Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suðri og Kjalarnes í norðri.

Hámarksfjöldi ferða er 16 ferðir í mánuði. Sækja þarf sérstaklega um fjölgun ferða.

Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir:

- Akstur til að sækja lækni meðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun.
- Akstur í sérhæfða dagvist aldraðra utan bæjarfélagsins, ef fullreynt er að viðkomandi kemst ekki dagvist í sveitarfélaginu.

7. gr.

Gjald

Gjald fyrir hverja ferð er ákvarðað af bæjarráði og birt í gjaldskrá á heimasíðu bæjarins. Sé þörf fyrir fylgdarmann greiðir notandi gjald fyrir hann samkvæmt gjaldskrá.

8. gr.

Ferðatilhögun

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi pantað ferð hjá framkvæmdaaðila ferðaþjónustunnar, sem veitir upplýsingar um aksturstíma og skipulagningu ferða.

Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á tilsettum tíma. Gert er ráð fyrir að viðkomandi komist án aðstoðar í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum.

Akstursþjónustan er sérhæfð þjónusta og þurfa notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

9. gr.

Afturköllun samþykkis

Fjölskyldusviði Garðabæjar er heimilt að afturkalla samþykki um akstursþjónustu sé um að ræða brot á reglum þessum, misnotkun á úthlutuðum ferðum eða vangoldin akstursgjöld.

10. gr.

Akstur fyrir aldraða sem dvelja á stofnunum

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókn- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta auk endurhæfingar.

Berist hins vegar umsókn um akstursþjónustu frá einstaklingi sem dvelur á hjúkrunarheimili eða öldrunarstofnun eru umsókn metin í hverju tilfelli fyrir sig með hliðsjón af þörfum umsækjanda. Í slíkum tilfellum skal kalla eftir greinargerð frá þeirri stofnun sem um ræðir.

11. gr.

Varðveisla gagna, persónuvernd, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu, sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum og eðli máls, er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Persónuupplýsingar sem fjölskyldusvið Garðabæjar aflar vegna umsóknar þessarar eru varðveittar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eru starfsmenn bundnir þagnarskyldu. Persónuupplýsingar sem beðið er um á umsókn þessari þarf fjölskyldusvið Garðabæjar til að geta sannreynt rétt til akstursþjónustu.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

12. gr.

Heimild til ákvarðana og kynning á ákvörðun

Starfsmenn fjölskyldusviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Garðabæjar.

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu umsóknar um akstursþjónustuna með tryggilegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða í reglum þessum og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á.

Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að fjölskylduráð Garðabæjar fjalli um ákvörðunin. Umsækjandi hefur 4 vikna frest til að vísa máli sínu til endurskoðunar ráðsins frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun fjölskyldusviðs.

Fjölskylduráð Garðabæjar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til ráðsins. Fjölskylduráð skal fjalla um beiðnina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun fjölskylduráðs Garðabæjar skal kynnt umsækjanda með tryggilegum hætti og um leið skal honum eftir atvikum kynntur réttur til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

13. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs Garðabæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs Garðabæjar.

14. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er heimilt að veita. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar
6. febrúar 2020

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Tillaga að breytingu við jafnréttisstefnu Garðabæjar

Fyrsta setning í lið 3 verði eftir breytingu:

"Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki sem veitendur þjónustu, má þar m.a. nefna menntun barna og unglinga, tómstunda- og íþróttastarf, þjónustu við fatlað fólk og aldraða."

Liður 3.4. verði eftir breytingu:

"3.4. Málefni aldraða

Unnið skal að því með markvissum hætti að tryggja fjölbreytt framboð af tómstunda-og íþróttastarfi fyrir aldraða. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem sérhæfa sig í þjónustu við eldri borgara."

Við bætist svo liður 3.5. sem verði þannig:

"3.5. Málefni fatlaðs fólks

Unnið skal að því með markvissum hætti að tryggja fjölbreytt framboð af tómstunda-og íþróttastarfi fyrir fatlað fólk. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem sérhæfa sig í þjónustu við fólk með fötlun."